



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. október 2019

1910018SA bg
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta, 122. mál – 150. löggjafarþing

Vísað er til umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 25. september 2019, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta, 122. mál.

Markmið frumvarpsins er að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2014/61 frá 15. maí 2014 um ráðstafanir til að lækka kostnað við uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum auk breytinga á lögum um fjarskipti og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun.

Um efni frumvarpsins

Frumvarpið mælir fyrir um aðgengi fjarskiptafyrirtækja að tilteknum lágmarksupplýsingum rekstraraðila neta um annars vegar fyrirbyggjandi efnisleg grunnvirki og hins vegar yfirstandandi eða fyrirhugaða leyfisskylda mannvirkjagerð í því skyni að kanna möguleika á samnýtingu fyrirbyggjandi innviða eða samhæfingu framkvæmda í því skyni að hraða uppbyggingu háhraða fjarskiptaneta. Styður frumvarpið því við þingsályktun um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022 sem og við verkefnið *Ísland ljóstengt* sem er í umsjá fjarskiptasjóðs. Markmið stjórnvalda á sviði fjarskipta fyrir landið í heild er að 99,9% lögheimila og fyrirtækja eigi kost á 100Mb/s þráðbundinni nettingu í árslok 2020. Er verkefnið eitt mikilvægasta byggðaverkefnið á Íslandi og verður til þess að jafna verulega búsetuskilyrði fólks á landinu öllu. Hafa sveitarfélög með beinum hætti tekið þátt í þeirri uppbyggingu.

Verði frumvarpið að lögum verður enn skýrara verklag þegar kemur að samstarfi við uppbyggingu háhraða fjarskiptaneta en löng reynsla er þó til staðar af samstarfi orku-, flutnings- og veitufyrirtækja við þá sem eru að byggja upp háhraðafjarskiptanet.

Ábendingar

Sambandið tekur undir þær ábendingar er fram komu í umsögn Samorku en þær eru:

- Að almennur fyrirvari verði settur í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins þar sem áréttað er að orku- og veitufyrirtækjum og sveitarfélögum verði ekki gert skylt að útbúa gögn, t.d. um staðsetningu og legu eldri lagna, ef slík gögn eru ekki til nú þegar.
- Að heimild sé til staðar fyrir rekstraraðila neta að taka gjald fyrir vettvangsskoðun samkvæmt gjaldskrá viðkomandi rekstraraðila.


- Að bætt verði við 7. gr. frumvarpsins að ástæða synjunar á aðgangi fjarskiptafyrirtækja að efnislegum grunnvirkjum geti verið að farið sé í framkvæmdir með skömmum fyrirvara t.d. vegna náttúruhamfara og stórviðra.
- Að 12. gr. frumvarpsins sé breytt þannig að Póst- og fjarskiptastofnun geti ekki lagt sektir á rekstraraðila nema að undangenginni málsmeðferð samkvæmt 10. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að málsaðilar geta vísað deilum til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Að lokum

Sambandið styður að frumvarpið verði að lögum að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda og telur að það geti haft jákvæð áhrif á áframhaldandi uppbyggingu háhraða fjarskiptanets um landið, einkum á þéttbýlisstöðum utan suðvesturhornsins er leiðir til jákvæðra áhrifa á búsetuskilyrði fólks.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs